

## **Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði.**

Samþykkt í bæjarráði 25. ágúst. 2008

### **Bæjarráð annast afgreiðslu umsókna um byggingarrétt og gerir tillögu til bæjarstjórnar um úthlutun.**

Tækni- og umhverfissvið sér um undirbúning lóðaúthlutunar, auglýsingar, opnun tilboða og þess háttar.

1. Byggingarrétti er úthlutað á nafn/nöfn umsækjenda og óheimilt er að framselja byggingarrétt, nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs. Íslenskir ríkisborgarar svo og aðrir þeir sem uppfylla skilyrði laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna með síðari breytingum koma einir til greina við úthlutun lóða. Ríkisborgarar EES landa eiga rétt á að sækja um lóð með sama hætti og Íslendingar.

Í umsókn skal koma fram hvort umsækjandi sækir um lóð til eigin búsetu eða í öðrum tilgangi. Sótt skal um eina lóð. Jafnframt er heimilt að leggja fram til vara ósk um byggingarrétt á ákveðnu svæði í heild sem tilgreint er í úthlutunargögnum. Breytist aðstæður hjá lóðarhafa og hann ætlar ekki að nýta lóðina til eigin nota ber honum að skila henni aftur til Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

2. Sé sótt um byggingarrétt í nafni lögaðila er umsóknin metin með tillit til upplýsinga um fjárhagstöðu umsækjanda og fyrri byggingarverkefni. Lögaðilar skulu leggja fram endurskoðaðan ársreikning síðasta árs.
3. Einstaklingar, sem sækja um byggingarrétt, skulu leggja fram framkvæmda- og tímaáætlun væntanlegra byggingarframkvæmda.
4. Samkvæmt ákvæðum lóðarleigusamninga Sveitarfélagsins Hornafjarðar er lóðarhöfum skylt að hlíta þeim tímamörkum að hús skuli fullgert að utan, lóð grófjöfnuð í rétta hæð og rykbundin og gróðri komið fyrir, svo og gegnið frá mörkum við aðrar lóðir, götur og/opin svæði, innan fjögurra ára frá því að lóð var byggingarhæf.

Lóðarhafi skal hefja framkvæmdir eigi síðar en 9 mánuðum eftir hann fékk lóðina úthlutaða. Framkvæmdir teljast hafnar þegar jarðvegsskipti hefjast.

5. Umsækjandi skal ekki vera í vanskilum með opinber gjöld Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

6. Hafi umsækjandi fengið áður úthlutað byggingarlóð hjá sveitarfélaginu er heimilt að taka mið af reynslu sveitarfélagsins af umsækjanda sem lóðarhafa.
7. Sé umsókn um byggingarrétt ranglega útfyllt eða innihaldi ekki fullnægjandi upplýsingar, getur það orðið til þess að hún verði ekki tekin til greina. Komi í ljós eftir að byggingarrétti hefur verið úthlutað til þess sem gefið hefur upp rangar upplýsingar í umsókn er heimilt að afturkalla úthlutun.
8. Bæjarráð getur afturkallað úthlutaða lóð, ef lóðarhafi heldur ekki byggingar- og skipulagsskilmálum, m.a. varðandi upphaf framkvæmda. o.s.frv. Afturköllun lóðar skal tilkynnt með ábyrgðarbréfi með þriggja mánaðar fyrirvara. Við afturköllun lóðar skulu innborguð gatnagerðargjöld endurgreidd. Byggingarleyfisgjöld og önnur þjónustugjöld eru ekki endurgreidd.  
  
Að öðru leyti er vísað til 44. og 45. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, ásamt 13. og 14. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
9. Að öllu jöfnu skal gera lóðarleigusamning við lóðarhafa þegar bygging er foheld. Lóðarleigusamningur skal staðfestur af bæjarstjórn, sbr. 30. gr skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997
10. Farið skal með upplýsingar sem fram koma í umsókn sem trúnaðarmál.
11. Við afgreiðslu umsókna skal gæta jafnræðis og að öðru leyti ákvæða 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 svo umsækjendum verði ekki mismunað á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.
12. Ef tveir aðilar eða fleiri sækja um sömu lóð og uppfylla allir skilyrði fyrir úthlutun á byggingarrétti, skal skilyrðislaust dregið um það hverjum verður gefinn kostur á lóðinni. Dráttur fer fram í bæjarráði að viðstöddum fulltrúa sýslumannsins á Hornafirði.
13. Að lokinni úthlutun og staðfestingu bæjarstjórnar á tillögum bæjarráðs skal senda öllum umsækjendum svör við umsóknum.
14. Bæjarráði er heimilt að krefjast staðfestingargjalds fyrir úthlutaðri lóð. Gjaldið ákvaðar bæjarráð hverju sinni og er staðfestingargjald óafturkræft en að öðrum kosti gengur gjaldið upp í byggingargjöld.
15. Reglur þessar ásamt viðmiðunarmörkum skv. 3. gr. reglna skulu aðgengilegar á vefsíðu sveitarfélagsins.